

Ed.

1226. Breytingartillaga

[5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Eiði Guðnasyni og Karli Steinari Guðnasyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Hljóðvarpsstöðvum er enn fremur heimilt að afla tekna með auglýsingum. Sömuleiðis er þeim sjónvarpsstöðvum, sem senda efni um boðveitur í eigu sveitarfélaga, heimilt að afla sér tekna með auglýsingum. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar.